

## Fundargerð stjórnar Fuglahundadeildar 02.12.2020

Fundur settur kl. 17.30 að Norðlingabraut 8, miðvikudaginn 2. desember. Fundinn sátu Bragi Valur Egilsson, Jón Ásgeir Einarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir

### Efni fundar:

#### Reglur til veiðimeistara

Farið var yfir reglur til veiðimeistara og þær tillögur sem hafa verið sendar inn frá öðrum deildum. FHD tók saman nýja samantekt og sendi á hinar deildirnar.

#### Upplýsingar á heimasíðu deildar

Erum búin að fá sendar góðar tegundaupplýsingar um Griffon með myndum. Kristín ætlar að bæta við hlekk á heimasíðuna fyrir Griffon til að hægt sé að birta upplýsingar um tegundina á heimasíðu deildarinnar.

#### Tengiliðafundur í janúar

Boða tengiliðafund í janúar sem verður jafnframt opinn öllum félagsmönnum.

#### Virkja tengiliði

Mikill áhugi er fyrir því að fá tengiliði tegunda meira að starfinu. Hugmynd um að þeir tengiliðir sem hafa áhuga á komi að vali dómara ársins 2021 í samvinnu með prófstjórum.

Fundi lokið kl. 18.30